

Líf í fyllstu gnægð

Trúarlegt framlag Frans páfa og Walters Brueggemann til samtímaumræðu um réttlæti og almannaheill

Gnóttir korns verði í landinu, bylgist það á fjallatindunum (Slm 72.16).

Kvíði einkennir líf marga nú um stundir. Eldsneyti á bál kvíðans kemur víða að, ekki síst frá hugmyndafræði markaðshyggjunnar.¹ Sú hugmyndafræði segir okkur að óttast hið versta, hugsa fyrst og fremst um daginn í dag því á morgun geti hvort eð er allt verið orðið of seint. Samkvæmt markaðshyggjunni eru tími og gæði ætíð af skorum skammti. Þess vegna er nauðsynlegt að keppast við, slá í klárinn og herða neysluna. Ekkert má stöðva leit okkar að meiri hamingju, víðtækara frelsi og traustara öryggi.²

Eitthvað á þessa lund farast Gamlatestamentsfræðingnum Walter Brueggemann orð í nýlegum skrifum þar sem hann teflir fram sáttmálahugsun Biblíunnar sem mót- vægi gegn neyslu- og markaðshyggju vestrænnar menningar. Við lifum í heimi þar sem bilið milli ríkra og fátækra eykst með hverjum degi, staðhæfir hann, en það bil er manngert og óháð því hvort raunverulega sé til nóg handa öllum. Skortur er þó ekki meginvandamálið, að hans mati, heldur misskiptingin og óréttlætið og vísar í sáttmálahugsun Biblíunnar.³ Við getum verið frjáls, laus við hatur, illsku, skömm og einangrun. Sú guðsmynd sem Biblían birtir tengist sáttmálanum milli Guðs og jarðarinnar, ítrekar hann, en í þeim sáttmála er allt í senn, ást, frelsi og örlæti Guðs. Við erum sköpuð í örlæti og ást og eigum að lifa á sama hátt.⁴ Samkvæmt skilningi Brueggemanns „truflar“ Jesús ríkjandi hugmyndafræði markaðarins með orðum sínum: „óttist eigi“ en þau orð segir Brueggemann að séu forsenda trúar kristinna manna.⁵ Við sem erum skírð til kristinnar trúar þurfum ekkert að óttast, við erum

¹ Í BA-ritgerð eftir Gísli Gunnarsson frá árinu 2009 kemur fram að markaðshyggjan sé ekki ein afmörkuð kenning heldur megi líta á hana sem mengi þeirra kenninga þar sem lítið sé svo á að markaðurinn bæði geti og eigi að stjórna sér sjálfur. Talað er um veikari og sterkari útgáfur markaðshyggju en sameiginlegt báðum hópum er að markaðurinn og hagnaðarlögmál hans eru í brennidepli. Sjá nánar Gísli Gunnarsson, *Markaðshyggjan og gildi hennar*, sótt 27. maí 2019 á: https://skemman.is/bitstream/1946/4228/4/hennar_fixed.pdf.

² Walter Brueggemann, *A Gospel of Hope*, Louisville: Westminster John Knox Press, 2017, bls. 25–36. Walter Brueggemann er bandarískur biblíufræðingur og meðal þekktustu túlkenda Biblíunnar á síðari hluta 20. aldar. Bókin *A Gospel of Hope* er samsafn skrifa Brueggemanns um von, kvíða, réttlæti, kærleika, örlæti og frelsi sem Richard Floyd hefur tekið saman. Önnur bók Brueggemanns er tekin til athugunar í þessari grein en hún hefur að geyma sameiginleg skrif þriggja höfundu um markaðshyggju og neysluhyggju. Þetta eru þeir Peter Block og John McKnight, auk Brueggemanns. Sjá Peter Block, Walter Brueggemann og John McKnight, *An Other Kingdom: Departing the Consumer Culture*, Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons, 2016.

³ Walter Brueggemann, *A Gospel of Hope*, bls. 1–13. Brueggemann er sannarlega ekki einn um það í hópi guðfræðinga að andæfa markaðshyggju og neysluhyggju. Það gera líka William T. Cavanaugh, *Being Consumed: Economics and Christian Desire*, Grand Rapids, Michigan/Cambridge U.K.: William B. Eerdmans Publishing Company, 2008; Sallie McFague, *Blessed Are the Consumers: Climate Change and the Practice of Restraint*, Minneapolis: Fortress Press, 2013; Sallie McFague, *Life Abundant: Rethinking Theology and Economy for a Planet in Peril*, Minneapolis: Augsburg Fortress, 2001.

⁴ Walter Brueggemann, *A Gospel of Hope*, bls. 18–19.

⁵ Walter Brueggemann, *A Gospel of Hope*, bls. 28.

rík, ekki fátæk, segir hann, við höfum efni á því að deila gleði okkar og gæðum með öðrum.⁶

Markmið þessarar greinar beinist að því að ígrunda trúarlegt framlag tveggja þekktra guðfræðinga, þeirra Walters Brueggemann og Frans páfa til umræðunnar um réttlæti og almannaheill nú um stundir⁷ og verður stuðst við sjónarhorn svokallaðrar síð-veraldlegrar (e. *post-secular*) stöðu í því sambandi. Algengt er að finna skýra aðgreiningu á milli hins trúarlega og hins veraldlega sviðs í hugmyndafræði nútímans.⁸ Það er þó ekki viðtekin afstaða meðal guðfræðinga, almennt talað, heldur leitast guðfræðingar við á grundvelli trúartúlkunar sinnar að leggja lóð sín á vogarskálarnar í samfélagslegri umræðu um hvaðeina sem varðar almannahag í samfélaginu. Mýmörg síð-veraldleg dæmi mætti nefna um þetta og eru tvö slík til gaumgæfilegrar skoðunar í þessari grein.

Hin síð-veraldlega staða

Staða og vægi trúar (e. *religion*) í samtímanum er sígilt umfjöllunarefni fræðimanna.⁹ Eins og áður er nefnt bera guðfræðingar yfirleitt brögður á kenninguna um veraldarvæðinguna (e. *the secularization thesis*), þ.e. ef átt er við þá hugmynd að trú sem fyrirbæri hafi runnið sitt skeið í upplýstum samfélögum og sé á góðri leið að deyja út. Um hvað snýst þá áhugi fræðimanna á trú nú um stundir?

Þeirri spurningu svarar sænski prófessorinn Ola Sigurdson á þá leið að áhuginn varði ekki endilega nýttúlkun klassískra texta vestrænnar menningar heldur séu fræðimenn í auknum mæli að átta sig á því að nútímalegri, frjálsslyndri og veraldlegri hugsun sem skipað hefur guðfræðinni að halda sig til hlés hafi, þegar upp sé staðið, ekki tekist að leysa öll þau flóknu ágreinings- og álitamál sem upp komi í samfélaginu.¹⁰ Megn óánægja sé með margar af þeim lausnum sem hin frjálsslyndu viðhorf nútímans bjóði upp á og í leit að meiri dýpt leiti fræðimenn því enn á ný á inn á svið guðfræði, á vit trúarlegra visku og reynslu, í þeirri von að guðfræðin hafi til að bera slagkraft sem umbreytt geti sundrung og ósætti um flókin siðferðileg og samfélagsleg mál í meiri sátt en nú sé raunin.¹¹ Þetta er vissulega áhugaverð tilgáta og hallast ég að réttmæti hennar. Í þessu samhengi er þó mikilvægt og spyrja að því hvað sé skilgreint sem trú því án þess að tiltaka það er erfitt að átta sig á því hvort og hvernig trú sé „notuð“ sem breytingar afl í samtímanum.

Trú vísar til margra og mismunandi hluta og fyrirbæra í hinum fjölbreytilegu skrifum fræðimanna. Eins og að framan var nefnt reiðir nútímaleg og frjálsslynd

⁶ Sama heimild, bls.1–2.

⁷ Ávarp Frans páfa er skrifað sérstaklega með loftslagsvána í huga en því er aðeins öðru vísi farið um bók Brueggemanns, *A Gospel of Hope*, þar sem nálgunin er breiðvirkari. Í bókinni *An Other Kingdom* tengist loftslagsváin greinilega efnahagsmálum og þar er markaðs- og neysluhyggja í brennidepli.

⁸ Sjá umræðu Williams T. Cavanaugh um þetta atriði í *Migrations of the Holy: God, State, and the Political Meaning of the Church*, Grand Rapids, Michigan/Cambridge, U.K.: William B. Eerdmans Publishing Company, 2011, bls. 1–11.

⁹ Sem dæmi um nokkur nýleg safnrit um trúarleg málefni (e. *religion*) má nefna Creston Davis, John Millbank og Slavoj Žižek (ritstj.), *Theology and the Political: The New Debate*, Durham, NC: Duke University Press, 2005; Michael Hoelzl og Graham Ward (ritstj.), *Religion and Political Thought: Key Readings — Past and Present*, London: Continuum, 2006; Hent de Vries og Lawrence E. Sullivan (ritstj.), *Political Theologies: Public Religions in a Post-Secular World*, New York, NY: Fordham University Press, 2006; Peter Scott og William T. Cavanaugh (ritstj.), *The Blackwell Companion to Political Theology*, Oxford: Blackwell, 2003.

¹⁰ Ola Sigurdson, „Beyond Secularism? Towards a Post-Secular Political Theology“, *Modern Theology*, apríl 2010, bls. 177–196.

¹¹ Ola Sigurdson, „Beyond Secularism?“, bls. 184.

hugsun sig oftast en ekki á skarpa aðgreiningu þar sem leitast er við að skipta veruleikanum upp í tvö ólík og, að margra mati, ósamrýmanleg svið, almennasviðið og einkasviðið. Skynsemin, stjórnmálin og annað það sem varðar sameiginlega hagsmuni borgaranna á samkvæmt nútímahugsuninni (e. *modern thinking*) heima á hinu veraldlega sviði en trúnni er aftur á móti vísað til sætis á einkasviðinu þar sem hún er talin varða fyrst og fremst persónulega hagi manna og smekk.¹²

Mikilvægt frávík frá þessari skipan mála má finna í skrifum bandaríska prófessorsins William T. Cavanaugh sem styðst við mótunarhyggju (e. *social constructivism*) í trúarrannsóknnum sínum en frá sjónarhóli hennar er trú fjölskrúðugt og síbreytilegt fyrirbæri.¹³ Cavanaugh segir það blasa við hversu mjög trúarhugtakið hafi breyst eftir að nútíminn gekk í garð og nefnir í því sambandi „goðsögnina um trúarlegt ofbeldi“ (e. *myth of religious violence*) sem hafi haft gríðarleg áhrif á alla umhugsun um trú í vestrænu samhengi um langt skeið.¹⁴ Sú goðsögn gangi út á þá staðhæfingu að trú hafi innbyggða tilhneigingu til að valda ofbeldi og skaða og færir Cavanaugh rök fyrir því að slík túlkun byggist á aðgreiningunni sem nefnd var hér að framan.¹⁵

Það er ekki markmiðið að fara dýpra ofan í trúarhugtakið og forsendur aðgreiningarinnar milli trúar og skynsemi í nútímahugsun. Vísunin til Cavanaugh's þjónar aðeins því hlutverki að gera ljóst að samtímafræðimenn hafa margir hverjir ekki aðeins ígrundað áhrif hugmyndafræði upplýsingarinnar og nútímahugsunar á trúarskilning í samtímanum heldur snúist af alefli gegn viðtekinni túlkun. Það er þetta sem felst í hinni svokölluðu síð-veraldlegu stöðu sem Ola Sigurdson nefnir í túlkun sinni: þ.e. þeir sem skrifa um trú nú um stundir átta sig betur á forsendunni fyrir aðgreiningunni milli hins trúarlega og hins veraldlega en margir forrennarar þeirra.

Cavanaugh byggir hugmyndir sínar á arfleifð Wilfreds Cantwell Smith (1916–2000) hvað trúarskilning varðar en hinn síðari var annað tveggja stórvelda trúarbragðafræðinnar á 20. öld.¹⁶ Í þekktasta verki sínu, *The Meaning and End of Religion*, lagði Cantwell Smith áherslu á að trú verði að skilja í samhengi við sögu, menningu og samfélag hverju sinni og það merkir einfaldlega að trú sé stöðugum breytingum undirorpin.¹⁷ Þetta þýddi að Cantwell Smith lagði megináherslu á hina lifandi og virku trú (e. *lived religion*), þ.e. hvað fólk gerði innan trúarlegs ramma, ekki trúarkenningar og kerfi. Einstaklingsreynsla af trú var meginmál.¹⁸ Þessu viðhorfi er Cavanaugh, og auðvitað mun fleiri, sammála og bætir við að þróun nútímatrúarskilnings í Evrópu megi ekki hvað síst tengja valdaátökum „húsanna“ tveggja á öldum áður, þ.e. átökum milli hins andlega og hins veraldlega sviðs. Þeim átökum lyktaði með því að hið andlega hús, eða kirkjan, missti mikið af eignum og þar með völdum sínum til ríkisins sem óneitanlega gerði að verkum að samfélagsleg áhrif kirkjunnar og ítök dvínudu til

¹² William T. Cavanaugh, *Migrations of the Holy*, bls. 123–140.

¹³ William T. Cavanaugh, *The Myth of Religious Violence: Secular Ideology and the Roots of Modern Conflict*, Oxford: Oxford University Press, 2009.

¹⁴ William T. Cavanaugh, *The Myth of Religious Violence*, bls. 3.

¹⁵ Cavanaugh byggir skoðun sína á rannsóknnum á fjölda texta eftir samtímafræðimenn sem skrifa um trúarleg málefni, sjá *The Myth of Religious Violence*, bls. 15–56.

¹⁶ Hitt stórveldið, eins og ég vel að nefna þessa tvo fræðimenn, er Micea Eliade (1907–1986).

¹⁷ Wilfred Cantwell Smith, *The Meaning and End of Religion*, Minneapolis: Fortress Press, 1962, bls. 194–195.

¹⁸ Reyndar var það svo að Cantwell Smith reiknaði með að hugtakið *religion* myndi smám saman hverfa þar sem það stæði í vegi fyrir skilningi á lifandi og virkum trúarskilningi. Trú er ekki hugmyndakerfi fyrst og fremst, er haft eftir honum, heldur má fremur líkja henni við á sem rennur áfram endalaust. Að rannsaka trú fjallaði því ekki um það að finna upptökin, í hans huga, heldur fylgja straumnum og sjá hvernig hann nærði nýjar lendur, breytti og mótaði það land sem hann fór um. Ellen Bradshaw Aitken og Arvind Sharma (ritstj.), *The Legacy of Wilfred Cantwell Smith*, Albany: State University of New York Press, 2017.

mikilla muna.¹⁹ Meira má vissulega skrifa um hið síð-veraldlega sjónarhorn innan samtímaguðfræði²⁰ en þess gerist þó ekki þörf heldur er nóg sagt til að undirbúa innkomu tveggja þekktra samtímaguðfræðinga á hið síð-veraldlega svið og ígrunda með þeim málefni sem varða réttlæti og almannaheill í samtímanum.

Hvernig ber okkur að breyta?

Loftslagsógn sú sem mannkyn stendur nú frammi fyrir er fordæmalaus og kallar á viðbrögð allra þjóða og samfélaga heimsins.²¹ Um það eru þeir sammála sem kynnt hafa sér þau mál ofan í kjölinn. Hvaða breytni þarf heimssamfélagið að viðhafa á slíkum tímum? Hvað þarf að breytast og hverju verðum við hvert og eitt að breyta heima hjá okkur sjálfum? Já, hvert er inntak hins góða lífs þegar öllu er á botninn hvolft? Allt eru þetta siðfræðilegar spurningar sem verið hafa í hnattrænni umræðu að undanfögnu á trúarlegum forsendum ekki síður en veraldlegum. Með því ganga trúarsamfélögin gegn boðskap nútímans og frjálslyndrar hugmyndafræði og hundsá þann boðskap, sem mjög hefur verið haldið á lofti, að trú sé einkamál.²² Skýr dæmi um virkni trúarsamfélagsins mátti sjá í aðdraganda loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París fyrir fjórum árum. Eftir að Parísarsamkomulagið var í höfn virðist sem valdhafar heimsins troði marvaðann í þessu mikilvægasta máli allra tíma. Enn hafa ekki verið tekin nauðsynleg skref sem varða nýja breytni mannkyns. Enn er kallað eftir samstöðu mannkyns um ábyrgð og réttlæti af hálfu trúarsamfélagsins. Enn er kröfum og hvatningu beint að þjóðarleiðtogum og stjórnmalaleiðtogum af hálfu sömu aðila. Enn er höfðað til kærleika, samvisku og skynsemi.

Nýlegt dæmi um einmitt þetta er það ávarp sem Frans páfi flutti þann 27. maí 2019 á fundi Vísindaakademíu Vatíkansins þar sem saman voru komnir fjármálaráðherrar fjölda landa heims í hans boði.²³ Sem einn áhrifamesti trúarleiðtogi heims tjáir páfi, að mínu mati, skýrt hina síð-veraldlegu stöðu, svo að vísað sé til umfjöllunarinnar hér að framan, en með því er átt við að trúarsamfélagið hafni því að því sé skákað til hliðar heldur stígur það inn á sviðið þar sem umræða um mikilvægustu málefni

¹⁹ William T. Cavanaugh, *The Myth of Religious Violence*, bls. 15–56. Til að hugleiða þetta í íslensku samhengi á 13. öld má lesa eftirfarandi í kaflanum „Guðslög og landslög“ í 2. bindi *Kristni á Íslandi*: „Sameiginlegt kappsmál kirkju og konungs var að koma á friði í norska ríkinu og sú friðarviðleitni náði einnig til Íslands. En sambúð kirkju og konungsvalds gat stundum verið stormasöm. Ein helsta ástæðan var sú að aldrei tókst að skilgreina nákvæmlega hvar mörkin lágu milli hins andlega og veraldlega sviðs eða „húsanna“ tveggja (skáletrun mín). Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, Kristni á Íslandi 2, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 76.

²⁰ Ég lét nægja að vísa til nýrra skrifa um þessi efni sem dæmi um að lífleg umræða er um þessi málefni nú um stundir. Trúin hefur, þegar upp er staðið, ekki verið burtskýrð sem umræðuefni í hug- og félagsvísindum. Sjá *The Wiley Blackwell Companion to Political Theology*, 2. útgáfa, ritstj. William T. Cavanaugh og Peter Manley Scott, Hoboken NJ: Blackwell Publishing, 2019.

²¹ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Trú og loftslagsbreytingar: Yfirlýsingar trúarleiðtoga og kirknasamtaka í aðdraganda COP21“, *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar 1/2016*, bls. 73–99.

²² *The Forum on Religion and Ecology at YALE*, sótt 30. maí 2019 af: <http://fore.yale.edu/climate-change/statements-from-world-religions/>. Framlag hinna fjölmörgu trúarsamfélaga og leiðtoga til umræðunnar um þessi mál birtist ekki síst í fjölda yfirlýsinga sem safnað hefur verið saman á vefsíðunni *The Forum on Religion and Ecology at YALE*. Á þessari vefsíðu má finna svör baháa, búddista, fylgismanna Konfúsíusar, daóista, hindúa, frumbyggja víðsvegar í heiminum, múslíma, gyðinga, shintoa, og síðast en ekki síst, svör þriggja megin kirkna kristinna manna, rómversk katólsku kirkjunnar, rétttrúnaðarkirkjunnar og mótmælendakirkjunnar og er þá enn ótalinn fjöldi annarra hópa og hreyfinga sem tengja sig við trú.

²³ „Frans páfi ávarpaði fund sem Bjarni Benediktsson sótti“, *Vísir* 27. maí 2019; sótt 1. júní 2019 af: <https://www.visir.is/g/2019190528981>. Ávarpið kallast í enski þýðingu „Climate Change and New Evidence from Science, Engineering, and Policy“; http://w2.vatican.va/content/francesco/en/speeches/2019/may/documents/papa-francesco_20190527_climate-change.html.

heimsins fer fram. Sem þekktasti fulltrúi hins kristna trúarsamfélags hefur páfi frumkvæði að því að kalla á sinn fund þá sem fara með hið efnahagslega vald í heiminum. Hver var þá hinn trúarlegi boðskapur Frans páfa til fjármálaráðherra heimsins og hvaða gildi hefur hann fyrir okkur í dag?

Allir saman nú: energí og trú!

Í ávarpi sínu kom páfi umbúðalaust að kjarna málsins, tengdi manngerð efnahagskerfi heimsins við loftslagsógnina og sagði gróða og tap fyrirtækja hafa öðlast meira vægi en líf og velferð mannkyns. Orðrétt sagði hann:

Þið eruð hingað komin í dag til þess að hugleiða hvernig hægt sé að ráða fram úr því djúpstæða vandamáli sem skapast hefur vegna þess að við höfum ruglað saman hinni siðferðilegu höfuðbók og hinni efnahagslegu. Þið eruð komin til að reyna að stöðva þá kreppu sem er á góðri leið með að leiða heiminn í algerar ógöngur.²⁴

Páfi vitnaði í umburðarbréf sitt frá 2015²⁵ *Laudato si'* og sagði að vegna innbyrðis tengsla (e. *interdependence*) alls lífríkisins yrðu að finnast breiðvirkar og sameiginlegar lausnir á yfirstandandi vanda. Með Parísarsamkomulaginu hefði þjóðum heims auðnast að taka höndum saman og ná samkomulagi í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Næstu skref yrðu að vera í sama anda, enda heill alls heimsins í húfi.²⁶ Það sem einkum stæði í vegi fyrir nauðsynlegum umbreytingum væru efnahagsmálin og talaði páfi í því sambandi um öfugþróun. Vöxtur í fjárfestingum vegna jarðefnaeldsneytis héldi áfram, þvert á ráðleggingar vísindamanna, og nýjar tölur sýndu að fjárfestingar í hreinni orku færu minnkandi í stað þess að aukast. Við höldum okkur við troðnar slóðir, sagði páfi, og teljum það gróðavænlegt sem vísindin staðhæfa að ógni lífi jarðarinnar og framtíð alls mannkyns. Sannleikurinn sé sá að við höfum villst af hinum rétta vegi vegna rangs gildismats, falsaðs bókhalds og spillts eignarréttar.²⁷

Þegar ávarp páfa frá því maí 2019 er skoðað í ljósi *Laudato si'* sést að kjarni boðskapar páfa er hinn sami: Maðurinn er ófullkomin vera sem þekkir ekki sitt besta. Manneskjan hefur villst af leið, hún heldur sig meiri en efni standa til og það alvarlegasta er að hún misskilur hlutverk sitt í heiminum. Það hlutverk gengur ekki út á að drottna heldur deila gæðum jarðar á réttlátan hátt. Í fávisku sinni skilji manneskjan ekki illsku markaðs- og neysluhyggjunnar sem heldur henni í heljargreipum. Hvernig eigum við að breyta(st)? Í svari við eigin spurningu vefur páfi saman þrjú þræði: skynsemi, siðferði og trú. Vel meðvitaður um spennuna milli trúar og skynsemin í frjálýndum, vestrænum samfélögum velur páfi að leggja mesta áherslu á skynsemina og segir að hún verði að mynda grunninn að nauðsynlegum, pólitískum aðgerðum sem komið geti í veg fyrir verstu afleiðingar loftslagsógnarinnar. Skynsemin, segir hann,

²⁴ Ávarp Frans páfa 27. maí 2019, *Address of his Holiness Pope Francis*, sótt 31. maí 2019 af: http://w2.vatican.va/content/francesco/en/speeches/2019/may/documents/papa-francesco_20190527_climate-change.html.

²⁵ Umburðarbréf Frans páfa 2015, sótt 10. júní 2019 af: http://w2.vatican.va/content/francesco/en/encyclicals/documents/papa-francesco_20150524_enciclica-laudato-si.html.

²⁶ Ávarp Frans páfa 27. maí 2019, sótt 31. maí 2019 af: http://w2.vatican.va/content/francesco/en/speeches/2019/may/documents/papa-francesco_20190527_climate-change.html.

²⁷ Sama heimild.

er grundvöllurinn að öllum pólitískum aðgerðum.²⁸ Skynsemin krefst þess að við leiðréttum ríkjandi efnahagsstefnu og fjármálakerfi heimsins. Hún krefji mannkyn um breytingar á líferni sínu, að það hætti þeim athöfnum sem skaði jörðina með ólíkum hætti. Allt upplýst fólk viti að við þurfum ekki að notast við jarðefnaeldsneyti lengur heldur sé völ á öðrum og betri kostum. En skynsemin kemst ekki langt einsömum heldur þarfnast hún stuðnings siðferðis og trúar, bætir páfi við og vitnar í frásagnir Nýja testamentisins (d. Mark. 8.36) en líkt og margar þeirra tjái, gildi að við áttum okkur á að peningar og völd séu ekki leiðin til lífshamingjunnar.

Hvernig fléttar páfinn trú og siðferði saman við skynsemisboðskap sinn? Því vil ég svara á þá leið að trúin myndar rammann um boðskapinn, auk þess sem páfi nýtir sér nokkur velþekkt, biblíuleg hugtök til að leggja þær áherslur sem hann vill koma á framfæri. Siðferðisskírskotunin birtist í hvatningu og uppörvun fremur en boðum og bönnum. Gott dæmi um trúarlega skírskotun er þegar páfi talar um fjármálaráðherrana sem góða „ráðsmenn“ yfir efnahagsmálum heimsins og hvetur þá í sömu andrá til að styðjast við siðferðileg leiðarljós heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þannig kyssist hið veraldlega og andlega svið í ávarpi páfa. Reyndar tel ég hæpið að tala um tvö svið í ávarpi páfa, mun fremur lít ég svo á að hann haldi þessum víddum þétt saman. Veruleikinn sé einn og óskiptur og við eigum öll jafna hlutdeild í honum. Manneskjan sem andleg og líkamleg félagsvera þarfnist bæði trúar og skynsemi. Páfi hvetur ráðherrana til að gera hið góða og rétta í efnahagsmálum heimsins og koma í veg fyrir verstu hugsanlegu afleiðingar loftslagsógnarinnar. Að afloknu réttu verki vonast hann til að þeir hittist á ný svo að saman megi þeir þakka Guði fyrir miskunn hans og kærleika. „Rétti tíminn er upprunninn,“ segir páfi, „og ég vænti skýrra aðgerða í þágu mannkyns.“²⁹

Ávarp páfa er ekki flókin, guðfræðileg lesning. Tilvísunin í að „tíminn sé kominn“ í lok ávarpsins er þó þrungin trúarlegri merkingu og vísar til orða Jesú í upphafi Markúsarguðspjalls (Mark 1.15.) þar sem Jesús boðar gagnger sinnaskipti sem undanfara réttlætis. Með tilvísun í frásagnir gyðing-kristinnar trúar gagnrýnir páfi efnahagskerfi heimsins þar sem aðeins er hugað að skammtímagróða fyrirtækja á kostnað velferðar og heilla alls mannkyns. Garðs- og ráðsmannstilvísunina notar hann sem tæki til að benda á hvað séu réttlátar gjörðir fyrir mannkyn í stöðunni eins og hún er nú. Ráðsmannstilvísunin leiðir í ljós að maðurinn hefur brugðist skyldum sínum gagnvart skapara sínum, jörðinni og lífríkinu öllu. Mannkyn hefur villst af leið, upphafið sjálft sig og smíðað ill og óréttlát efnahagsleg kerfi sem hygla hinum ríku en svíkja hina fátæku. Misskiptingin er að aukast í heiminum, þvert á það sem þyrfti að vera. Maðurinn þarf því að komast til sjálfs sín, viðurkenna villu sína, aðhafast hið réttláta í þágu hinna fátæku og smáu, huga að komandi kynslóðum. *Kairos* tjáir ögurstund og upphaf nýrra tíma. Hinn trúarlegi boðskapur páfa er í hnotskurn sá að nú sé ögurstund upp runnin á jörðinni og því verði mannkyn að snúa burt af vegi glötunarinnar og feta slóðann sem liggur til lífsins.

²⁸ Áhersla á gildi skynseminnar þarf ekki að koma á óvart í kaþólski guðfræðihefð með Tómas frá Akvínó sem fyrirmynd. Þetta er því ekkert nýtt, kaþólsk trúarhefð hefur alltaf gert mikið úr hlut skynseminnar í siðferðilegum málefnum.

²⁹ Sama heimild. Orð páfa í enskri þýðingu hljóða svo: „Time is of the essence. We await your decisive action for the sake of all humanity.“

Skortur eða gnægð

Snúum okkur þá að trúarlegu framlagi gamlatestamentisfræðingsins Walters Brueggemann sem þegar hefur verið kynntur til leiks. Hvað hefur hann fram að færa til samtalsins um réttlæti og almannaheill og hvernig tengir hann texta Biblíunnar samtímaumræðu þau málefni?

Í bókinni *An Other Kingdom: Departing the Consumer Culture* hafnar Brueggemann verslunarhugsun (e. *commodity thinking*) sem einkennir ráðandi markaðshyggju en býður þess í stað fram sáttmálahugsun Biblíunnar. Ástæða þess að hann hafnar verslunarhugsuninni er undirliggjandi hugmynd sem verslunarhugsunin styður sig við sem er hugmyndin um skort.³⁰ Skortshugmyndin er ekki sönn, staðhæfir Brueggemann, heldur er hún godsögn sem hamrað er á til að viðhalda hinu ósjálfbæra, vestræna neysludrifna hagkerfi sem skapar þá neyslumenningu sem er drifkraftur loftslagsbreytinganna. Gegn lygasögunni um skortinn teflir Brueggemann fram biblíulegum boðskap um Guð allsnægtanna sem býður okkur að lifa lífinu í fyllstu gnægð.³¹ Ég ætla nú að skyggjast dýpra í framsetningu Brueggemanns á þessum trúarlega boðskap og velta fyrir mér gildi hans fyrir samfélag okkar.

Hlutur trúarlegra frásagna fyrir siðferðið

Það viðhorf er algengt meðal guðfræðinga að frásagnir hafi mikið vægi fyrir útbreiðslu kristins boðskapar. Dyggðasiðfræðingurinn Stanley Hauerwas orðar það svo að kristin trú hafi frásagnareðli enda séu frásagnir af lífi og starfi Jesú kjarninn í kristinni boðun. Undir þetta má taka. Frásagnir eru auðskiljanlegar og virka því auðveldlega sem mótandi og hvetjandi siðferðisafl. Jesús gerði sjálfur mikið af því að nota frásagnir til að koma boðskap sínum á framfæri eins og dæmisögur guðspjallanna sýna glögg en frásagnir hans undirstrikuðu jafnan dyggðir eins og auðmýkt, hógværð, kærleika og miskunnsemi.³² Brueggemann virðist vera á sömu nótum og nýtir sér biblíulegar frásagnir til að koma boðskap sínum á framfæri við samtíma sinn.³³ Lítum nánar á hvernig hann notar frásagnir Biblíunnar til að koma boðskap sínum um Guð örlætisins og gnægðarinnar á framfæri.

Mettunarfrásagnir Biblíunnar

Guðsmynd sem undirstrikar örlæti og gnægð finnur Brueggemann víða í Gamla testamentinu, þ.á m. í Mósebókunum. Þar fer Guð sem skapar fjölbreyttar lífverur: fiska, fugla og alls konar dýr sem hann síðan býður að frjóvgast og fjölga sér (1Mós 1.22). Örlæti Guðs gagnvart sköpunarverki sínu nær hámarki á sjötta degi sköpunarinnar þegar Guð lýsir því yfir að nóg sé til handa öllum sem lífsanda dregur og segir sköpun sína harla góða (1Mós 1.30–31). Hún er fullkomin, hér er allt sem þarf, það þarf ekki meir. Í trú og trausti leyfir Guð sér þá að hvílast og býður öllu sköpunarverki sínu að gera slíkt hið sama. Guð sér vel fyrir öllu (1Mós 2.3).³⁴

³⁰ Peter Block, Walter Brueggemann og John Mcknight, *An Other Kingdom*, bls. 2–3.

³¹ Sbr. Jóh 10.10. Walter Brueggemann, *The Gospel of Hope*, bls. 1–11.

³² Stanley Hauerwas, *The Peaceable Kingdom*, 1986, bls. 24–25.

³³ Peter Block, Walther Brueggemann og John Mcknight, *An Other Kingdom*, bls. 74–75.

³⁴ Walther Brueggemann, *A Gospel of Hope*, bls. 22–34.

Brueggemann nefnir fleiri frásagnir um örlæti Guðs og þá fullvissu að nóg sé til af gæðum jarðar handa öllum en ég læt nægja að staldra við aðeins örfáar þeirra. Mettunarsagan í 16. kafla Annarrar Mósebókar er þar á meðal en þar segir frá því að Ísraelsmenn vantreystu Guði og óskuðu sér dauða: „Betra væri okkur að við hefðum fallið fyrir hendi Drottins í Egyptalandi þegar við sátum við kjötkatlana, þegar við áttum okkur södd af brauði. En þið hafið leitt okkur út í þessa eyðimörk til þess að láta allan þennan söfnuð farast úr hungri“ (16.3). En sögunni lýkur ekki með þessu eins og allir vita. Hinn trúfasti og miskunnsami Guð yfirgaf fólkið ekki heldur ól önn fyrir því, eða eins og segir: „Ísraelsmenn átu manna í fjörtíu ár, þar til þeir komu í byggt land. Þeir átu manna þar til þeir komu að landamærum Kanaanslands“ (16.35).

Önnur frásögn sem Brueggemann vísar í varðar inntak biblíulegrar blessunar sem hann segir vera kraft og undirstöðu velfarnaðar og heilla í heiminum. Fullvissu um mikilvægi blessunarinnar segir hann að einkenni Fyrstu Mósebók, allt þar til í 41. kafla. Þá dreymdi faraó draum sem öllu breyti.

Að tveimur árum liðnum dreymdi faraó að hann stæði við Níl og að upp úr ánni kæmu sjö fallegar og vel aldar kýr sem fóru að bíta sefgresið. Á eftir þeim komu sjö aðrar kýr upp úr ánni, ljótar og horaðar. Þær staðnæmdust hjá hinum kúnum á árbakkanum. Síðan átu ljótu og horuðu kýrnar upp sjö fallegu og vel öldu kýrnar. Þá vaknaði faraó. (1Mós 41. 1–4)

Jósef réð draum faraós og lagði hann út á þessa leið: „Sjö allsnægtaár koma um allt Egyptaland. Í kjölfar þeirra kemur sjö ára hungursneyð svo að allar nægtirnar í Egyptalandi gleymast. Nægtirnar verða óþekktar í landinu vegna hungursneyðarinnar sem á eftir kemur því að hún verður mjög mikil“ (v. 29–32).

Með þessari sögu segir Brueggemann að skortur komi í fyrsta sinn við sögu á síðum Biblíunnar en frásagan skýri hvernig hræðslan og óttinn við yfirvofandi skort verði þess valdandi að valdamiklir aðilar, eins og faraó, taki að sölsa undir sig öll gæði landsins. Í samtímanum sé þessu svipað farið nema hvað neysluhyggjan sé hinn nýi faraó.³⁵

Nægtaárin sjö varð mikil uppskera í landinu. Þá lét Jósef safna saman öllum vistum nægtaáranna sjö í Egyptalandi og safnaði vistunum í borgirnar. Í sérhverja borg safnaði hann vistunum af ökrunum umhverfis hana. Jósef hrúgaði saman korni sem sandi á sjávarströnd. Það var svo mikið að menn gáfust upp á að mæla það því að það varð ekki mælt. (v. 47–49)

Í Nýja testamentinu finnur Brueggemann ótal dæmi um gnægð og trúfesti Guðs og segir Jesús hafa haft sams konar guðsmynd og þá sem lýst var hér að framan. Guð sé örlátur og trúfastur og það sama megi segja um Jesú. Líf hans og starf hafi ein-kennst af að bæta fólki skort, hvort sem var á líkamlegu, andlegu eða félagslegu sviði. Brueggemann staðnæmist við 8. kafla Markúsarguðspjalls en þar er að finna aðra af tveimur mettunarfrásögum Nýja testamentisins. Brueggemann bendir á textatengslin milli Gamla og Nýja testamentisins en Markús vísi bæði í sköpunarsöguna í Fyrstu Mósebók (brauðin sjö vísa til sköpunar heimsins á sjö dögum) og í mettunarfrásöguna í Annarri Mósebók. Ytri aðstæðum sé lýst á svipaðan hátt, báðar sögurnar eigi sér stað í óbyggðum þar sem enga fæðu sé að hafa handa svo miklum mannfjölda. Í Markúsarguðspjalli kemur fram að Jesús hafi dvalist og kennt fólki í heila þrjá daga

³⁵ Peter Block, Walter Brueggemann og John Mcknight, *An Other Kingdom*, bls. 31, 49, 57, 81.

án þess að það hafi fengið vott né þurrt.³⁶ Þegar fólkið sýnir á sér fararsnið spyr Jesús lærisveinana hve mörg brauð séu til að fæða það og fær svarið að þau séu sjö (v. 5).

„Þá bauð hann fólkinu að setjast á jörðina, tók brauðin sjö, gjörði þakkir og braut þau og gaf lærisveinum sínum að þeir bæru þau fram. En þeir báru þau fram fyrir fólkið. Þeir höfðu og fáeina smáfiska. Hann þakkaði Guði og bauð að einnig þeir skyldu fram bornir. Menn neyttu og urðu mettir. Síðan tóku þeir saman leifarnar, sjö körfur“ (v. 6–8).³⁷

Þannig sýnir Guð þeim sem trúá á hann trúfesti og örlæti, staðhæfir Brueggemann. Þau þurfi því ekki að óttast. Skorti og neyð sé bægt frá með örlætisgjörningi Jesús. Við metnun mannfjöldans kemur Jesús á réttlæti, skrifar hann, en útteiling matar til hinna hungruðu merkir örlæti Guðs og það örlæti miði að umbreytingu í samfélaginu í heild. Brauðið sé mikilvæg líkamleg fæða en samtímis tákn ástúðarfullra gjafa Guðs á æðra plani. Enginn sé samur eftir útteilinguna heldur hafi líf og umhverfi hvers og eins umbreytst og orðið sem nýtt. Skortur og neyð hafi umbreytst í gnægð. Óbyggðirnar hafi umbreytist í lífvænlegan stað sem jafnframt er sviðið fyrir ríki Guðs á jörð. Í örlæti sínu umbreyti Guð veröldinni fyrir tilstilli Jesú Krists.³⁸

Lokaályktanir

Í byrjun þessarar greinar var fjallað í stuttu máli um hina svokölluðu síð-veraldlegu stöðu en hún birtist með þeim hætti að trúarsamfélagið, leikir og lærðir, hafna hugmyndahefð nútímans. Þetta merkir að hinni skörpu aðgreiningu milli hins trúarlega og veraldlega sviðs er mótmælt. Á það var bent að þótt trúin hefði verið smættuð og henni ýmist lýst sem óskynsamlegri eða skaðlegri í samtímanum hefðu samtíma-guðfræðingar ekki tekið þá skoðun gilda. Í greininni var gerð grein fyrir tveimur nýlegum dæmum um slíka afstöðu og leitast við að skoða ofan í kjöllinn hver væri hinn trúarlegi boðskapur Frans páfa og Walters Brueggemann frammi fyrir mikilvægum spurningum á almannasviðinu um réttlæti og almannaheill.

Eins og ljóst er, fjalla Frans páfi og Brueggemann um yfirstandandi heimsvanda hiklaust og án kinnroða. Heimsvandinn er fjölþættur og snýr bæði að hinu ytra, og hinu innra, þ.e. kvíðanum og angistinni sem margur ber í brjósti á válegum tímum. Ekkert er fjær þessum tveimur höfundum en að trúarlegur boðskapur skuli einskorðaður við þröngan hóp trúaðra á hinu svokallaða einkasviði. Loftslagsógnin varðar almannaheill, frið og farsæld, réttlæti og sanngirni.

Kjarni trúarlegs framlags Frans páfa er sá að loftslagsváin sé djúpstætt siðferðis- og réttlætismál. Hvernig heimurinn bregst við henni varðar dyggðir, gildi, þ.e. siðlega breytni. Manngerð efnahagskerfi og fjármálafyrirtæki hafa tekið sér óviðunandi stöðu í heiminum, staðhæfði páfi í ávarpi sínu þann 27. maí 2019. Þau kerfi skeyta ekki um komandi kynslóðir heldur er einblínt á stundargróða. Erindi páfa til fjármálaráðherranna fordæmdi það efnahagslega ferli sem leitt hefur til sívaxandi ójöfnuðar í

³⁶ Svipaða sögu má finna í 6. kafla guðspjallsins en þar mettar Jesús fimm þúsund manns. Í 8. kafla er talað um fjögur þúsund.

³⁷ Brueggemann skrifar einnig um gyðinglegan trúararf sem hafi mótað Jesús. Sem barn hafi Jesús oft sinnis heyrt móður sína syngja Magnificat þar sem koma fyrir orðin: „hungraða hefur hann fyllt gæðum en látið ríka tómhenta frá sér fara“ (Lúk 1.53) en þau orð eigi sér samsvörun í Fyrstu Samúelsbók þar sem Hanna, móðir Samúels, syngur: „Saddir selja sig fyrir brauð en hungraðir þurfa þess ekki“ (1Sam 2.5). Minnugur söngva þessara tveggja mæðra í gyðinglegri hefð, skrifar Brueggemann, söngva sem fjölluðu um örlæti og trúfesti við þá sem eru í neyð, var það honum eiginlegt að líta svo á að ef við deilum kjörum með náunga okkar þá muni heimurinn umbreytast og verða betri.

³⁸ Walter Brueggemann, *A Gospel of Hope*, bls. 13–36.

veröldinni. Því verður að linna og aðgerðir efnahagsráðherra heimsins er mikilvægur þáttur í því. Hin siðferðilega höfuðbók, sem páfi kallaði svo og vísaði þar til þess að siðferðið yrði að vera hluti allra efnahagsmála, verður að fá þá stöðu sem henni ber í heiminum. Í þessum siðferðisboðskap felst trú á gæskuna, kærleikann, samúðina og miskunnsemina. Í brennidepli orða páfa eru hin fátæku. Þeirra hag setur hann á oddinn. Jafnframt höfuðáherslu á siðferðið velur páfi að höfða fyrst og fremst til skynsemi manna. Lykilsögur kristinnar trúar vefur hann saman við skynsemi og siðferði og rammar inn á auðskilinn hátt. Hið góða líf holdgerist í lífi einstaklinga biblíufrásagna þar sem Guð nægtanna umbreytir skorti og neyð í lífi einstaklinga og samfélaga í allsnægtir. Líf í fullri gnægð birtist þar af leiðandi samtímis sem hugarfar og breytni.

Snúum okkur þá að lokum að guðfræði Brueggemanns. Brueggemann túlkar trúararfinn og styðst við biblíusögurnar sem eru stór hluti af þeim arfi. Kjarni hinnar biblíulegu túlkunar hans hverfist um eðli Guðs. Uppspretta ástarinnar og örlætisins er í Guði sem er skapari jarðarinnar. Aðeins guðlegur kraftur megnar að umbreyta veröldinni og gera hana betri. Líkt og Frans páfi leggur Brueggemann áherslu á að gagnrýna efnahagskerfi heimsins. Þau eru ranglát og stuðla að ójöfnuði og því þarf að breyta. Brueggemann fer þá leið að taka höndum saman við þekkta aðila á alþjóða- og efnahagssviðinu. Það frumlegasta við framlag hans er, að mínu mati, að skortsstaðhæfingin sé ósönn. Meðalið gegn ósannindunum er sáttmálahugsun Biblíunnar en hún er í hnotskurn sú sem Frans páfi undirstrikaði: að elska Guðs og blessun sé óendanlega mikil og nægi handa öllum í þessum heimi. Í stað þess að lifa í stöðugum ótta sé okkur óhætt að lifa í trú á kærleiksríkan Guð sem sér vel fyrir öllum. Ef við lifum eftir boði hans, ef við lifum í sáttmála hans, þá mun vel fara. Gæði heimsins nægja öllum og verkefni okkar manna er að skipta þeim réttlátlega.

Gyðing-kristnar frásagnir Biblíunnar ramma inn framlag beggja ofangreindra guðfræðinga og báðir skírskota þeir til þekktustu minna trúarhefðarinnar. Mettunar-sögurnar birta okkur Guð og son hans, Jesú Krist, sem holdgerving hins fullkomna kærleika. Í einfaldleika sínum birta biblíufrásögurnar hvað eru í raun gnægtir, réttlæti, ábyrgð, kærleikur og miskunn. Hið trúarlega framlag Frans páfa og Walters Brueggemann til umræðunnar um réttlæti og almannahag í samtímanum er uppbyggilegt, gagnrýnið, skynsamlegt og hvetjandi í senn. Að mínu mati er það siðferðilega vel undirbyggt innlegg í hnattræna umræðu um það hverju við verðum að breyta og hvernig við verðum að breytast til að geta lifað saman í kærleika, friði og réttlæti nú og til framtíðar.